Lög

17
27. júní

um

stækkun verslunarlóðarinnar í Bolungarvík í Hólshreppi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

Takmörk verslunarlóðarinnar í Bolungarvík eru: Að sunnanverðu Hólsá, og nær verslunarsvæðið þaðan yfir Árbæ, Ytri-Búðir og Malir. Að norðanverðu bein lína frá hinum forna Traðarbæ í stekkjartóftina á svo nefndum Bólum, og bein sjónhending þaðan til sjávar, í stefnu á Bjarnarnúp.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.).

Pjetur Jónsson.

Lög

18
27. júní

um

löggilding verslunarstaðar á Suðureyri við Tálknafjörð.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru: